

Þrettándi fundur Lýðheilsu og æskulýðsnefndar.

Árið 2020, miðvikudagurinn 2. desember kl 20.00 kom Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd saman til fundar að Ásastíg Flúðum.

13. fundur kjörtímabilsins 2018-2022

Mættir til fundar Guðríður Eva Þórarinnsdóttir formaður, Heimir Sigurðson nefndarmaður, Sigfríð Lárusdóttir ritari og í myndsímtali Sigurjón Pétur Guðmundsson umsjónamaður íþróttamannvirkja.

#### 1. Kynningarfundur frá arkitekt

- a. Vel undirbúin kynning frá Eyrúnu.
- b. Nefndin vill hugsa til framtíðar og finnst það hagstæðast fyrir samfélagið til lengri tíma litið að horfa strax til hugmyndar C (íþróttamiðstöð með sambyggðu íþróttahúsi og sundlaug). Þar sem íþróttamiðstöðin er á langtímaáætlun sveitafélagsins þá hlýtur að vera hagstæðara að horfa strax í þau plön í stað þess að fara í stakar en samt stórar og dýrar framkvæmdir (A og B) sem ekki passa inn í loka myndina. Hægt væri að fara í framkvæmdina á íþróttamannvirkinu í áföngum, búa verkefnið niður og byrja á þeim framkvæmdum sem mest liggur á.  
Mikilvægt er að hugsa málið vel og ganga skipulega til verks. Framkvæmdir í þessum málum þurfa að komast af stað sem allra fyrst. Það er ekki nógu gott að rúmum 2 árum eftir seinustu þarfagreiningu stöndum við á sama stað án þess að nokkrar framkvæmdir séu hafnar en í staðin erum við komin af stað í nýja þarfagreiningu.
- c. Mikilvægt er að hafa hraðar hendur í að greina vanda barna á millistigi eftir skóla og fara sem fyrst í að leisa þann vanda. Ekki er hægt að sleppa að sinna heilli kynslóð vegna seinagangs. Mikilvægt er því að finna því verkefni farveg sem fyrst og helst að ekki seinna en haust 2021 verði búið að finna þeim stað og komin einhver starfsemi fyrir þau.

#### 2. Opnunartími Sundlaugar.

Eftir bókun frá síðasta sveitastjórnarfundum átti nefndin fund með Sigurjóni Pétri til að ræða opnunartíma sundlaugar.

- a. Fyrsta tillaga:
  - i. Opnun á virkum dögum: 16.00 – 20.00 (tekin 30 mín af 4x í viku)
  - ii. Opnun um helgar: 13.00 – 17.00 eða 10.00 – 14.00 (tekin ein klukkustund af hvorum degi)
- b. Önnur tillaga:
  - i. Opnun á virkum dögum: Mánudaga, miðvikudaga og föstudaga 16:00-20:00, Þriðjudaga og fimtudaga 17:00 – 21:00
  - ii. Opnun um helgar: 13:00 – 17:00 eða 10:00 – 14:00
- c. Þriðja tillaga
  - i. Opnun á virkum dögum: mánudaga, miðvikudaga og föstudaga frá 17.00 – 20.30, þriðjudaga og fimmtudaga 16.00 – 20.30
  - ii. Opnun um helgar: 13.00 – 17.00 eða 10.00 – 14.00

3. Ítrekun: Áskorun til sveitastjórnar um prufu á morgunopnun í sundlaug
  - a. Nefndin vill ítreka áskorun frá 11. fundi, þar sem skorað er á sveitastjórn að koma á 4 – 6 vikna prufutíma með morgunopnun í sundlaug. Opnunin gæti verið frá 6.30 – 8.30 tvo til þrjá daga í viku.

Fundi slitið kl 21.30